

34. Strákar gráta ekki!

Og stelpur eru klárari ...

Málefni	Mismunun, kynjafnrétti, almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	8–13 ára
Tími	90 mínútur
Hópstærð	8–20 börn
Tegund verkefnis	Umræður og æfing í að setja fram staðhæfingar á leikrænan hátt
Yfirlit	Börnin ræða um atriðið sitt og kynna það
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að fjalla um staðalmyndir kynjanna og kynjafnrétti • Að auka umburðarlyndi • Að sýna hvernig staðalmyndir ýta undir mismunun
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Veldu þrjár staðhæfingar af listanum eða búðu til nýjar • Útbúðu fjögur skilti: Ég er sammála / Ég veit ekki / Ég er að hugsa málið / Ég er ósammála • Settu eitt skilti í hvert horn stofunnar • Veldu fleiri staðhæfingar sem nota má í atriðinu og skrifaðu þær á miða
Efniviður	• Pappír til að búa til skilti, miðar fyrir staðhæfingar



Leiðbeiningar

1. hluti: Að taka afstöðu

1. Útskýrðu fyrsta hluta verkefnisins fyrir börnunum:

- Stofunni hefur verið skipt í fjóra hluta. Í hverju horni hennar er skilti: Ég er sammála / Ég veit ekki / Ég er að hugsa málið / Ég er ósammála.
- Þú lest upp þrjár mismunandi staðhæfingar, hverja á eftir annarri. Börnin taka sér stöðu í einhverju horninu eftir því hvort þau eru sammála, ósammála, hafa ekki skoðun á málinu eða þurfa lengri umhugsunartíma.

2. Lestu upp fyrstu staðhæfinguna og bíddu þar til börnin eru búin að velja sér stað. Spyrðu svo börnin í hverju horni hvers vegna þau völdu sér þennan stað. Segðu þeim að þau megi skipta um stað ef þau skipta um skoðun eftir að hafa heyrt rök hinna krakkanna. Endurtaktu þetta ferli með öllum staðhæfingunum.

3. Kallaðu börnin saman og ræddu við þau um þennan hluta verkefnisins:

- Var eitthvað sem kom ykkur á óvart í þessu verkefni?
- Hvers vegna haldið þið að fólk hafi mismunandi skoðanir á þessum staðhæfingum?
- Skiptuð þið um skoðun eftir að hafa heyrt álit annarra? Hvers vegna?
- Hvernig getum við vitað hvaða afstaða er „rétt“?

2. hluti: Að leika afstöðu

1. Skiptu börnunum í litla hópa, ekki fleiri en fimm í hverjum, og láttu hvern hóp fá eina staðhæfingu. Skýrðu fyrir þeim að þau fái um fimm mínútur til að lesa staðhæfinguna sína, ræða um hana og búa til lítið atriði (örstutt leikrit) sem segir eitthvað um viðkomandi staðhæfingu.

2. Hver hópur á síðan að sýna atriðið sitt. Að hverju atriði loknu skaltu spyrja áhorfendur hvaða skila-



boðum þau haldi að atriðið hafi átt að koma til skila. Spyrðu svo leikhópin hvaða skilaboðum hann vildi koma á framfæri.

Samantekt og mat

1. Ræddu um þau áhrif sem staðalmyndir kynjanna hafa og spyrðu spurninga á borð við:
 - a. Hvað var líkt með þessum staðhæfingum? Vitið þið um fleiri slíkar staðhæfingar?
 - b. Eru mismunandi viðhorf og væntingar gagnvart strákum og stelpum í þessum hópi? Í skólastofunni eða skólanum? Í fjölskyldunni? Er það rökrétt?
 - c. Hafið þið einhverjar aðrar hugmyndir um það hvernig strákar og stelpur eigi að haga sér? Eru svipaðar hugmyndir á lofti annars staðar hér á landi? Í Evrópu? Í heiminum?
 - d. Hvað gerist ef strákar eða stelpur eru ekki sammála þessum hugmyndum og vilja haga sér öðruvísi? Hafið þið einhvern tímann upplifað það? Hvað fannst ykkur um það? Hvað gerðuð þið?
 - e. Hafa hugmyndir um það hvernig ætlast er til að karlar og konur hagi sér áhrif á fullorðna jafnt sem börn?
2. Ræddu staðalmyndir kynjanna í samhengi við mismunun með spurningum á borð við:
 - a. Hvernig setja þessar hugmyndir um karla og konur okkur takmarkanir? Getið þið nefnt dæmi?
 - b. Hvaða áhrif hafa þessar takmarkanir á mannréttindi okkar?
 - c. Hvað er hægt að gera til að strákum og stelpum verði frjálssara að gera það sem þau langar til í framtíðinni?

Tillögur um framhald

- Í verkefninu „Heimur batnandi fer!“, bls. 89, er fjallað um horfur, útlit og staðreyndir.
- Í verkefninu „Einu sinni var ...“, bls. 78, er einnig fjallað um staðalmyndir kynjanna.

Hugmyndir um aðgerðir

Fáðu börnin til að búa til með þér eins konar „hegðunarreglur“ um hvernig þeim beri að koma fram hvert við annað og hvernig á að tryggja að eins sé komið fram við stelpur og stráka. Festu reglurnar upp á vegg og vísaðu til þeirra þegar ágreiningur kemur upp í hópnum.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Gættu þess að ýkja ekki staðalmyndirnar sem þessu verkefni er ætlað að fjalla um. Vertu meðvitað/meðvitaður um eigin fordóma og staðalmyndir í tengslum við kynin og hvernig þú kannt e.t.v. að yfirfæra þær til barnanna sem leiðbeinandi hópsins.
- Veldu staðhæfingar sem sýna að strákar og stelpur njóti sömu réttinda, enda þótt þau séu ólík í líkamlegu tilliti. Veldu staðhæfingar sem eru það umdeildar að fram komi ýmsar skoðanir.
- Forðastu að stilla stelpum og strákum upp sem andstæðum. Allt eftir samsetningu hópsins, t.d. væri hægt að velja saman krakka af sama kyni eða hafa jafnt kynjahlutfall í litlu leikhópnum.
- Viðhorf foreldra hafa mikil áhrif á börn. Búast má við að þetta verkefni kalli á bæði jákvæð og neikvæð viðbrögð frá foreldrum.

Breytingar

- Stytta má verkefnið með því að fara bara í gegnum þann hluta þess sem skiptir hópinn mestu máli.
- Í stað þess að búa til leikatriði geturðu beðið börnin að kynna efnið á sjónrænan hátt, t.d. með teikningum, teiknimynd, klippimynd með myndum úr tímaritum o.s.frv.



DÆMI UM STAÐHÆFINGAR

- Dúkkur eru bara fyrir stelpur.
- Strákar gráta ekki.
- Strákar klæðast ekki pilsum.
- Stelpa getur ekki verið stjórnandi.
- Það eru bara strákar sem spila fótbolta.
- Stelpur eru veikbyggðar og strákar eru sterkir.
- Stelpur hjálpa mömmu sinni. Strákar hjálpa pabba sínum.
- Það er betra að vera stelpa en strákur.
- Strákar fá alltaf sökina fyrst þegar eitthvað fer úrskeiðis.
- Strákar mega segja „dónaorð“ en ekki stelpur.
- Stelpur eru klárari en strákar.
- Stelpur hafa betur í rifrildi því að þær beita ýmsum brögðum.
- Það er í lagi að strákar berji hver annan en það er ekki í lagi að stelpur geri það.
- Strákar eru latari en stelpur.
- Stelpur eiga auðveldara með að ljúga en strákar.

